

# BÍLSTJÓRAÁST

Lag og texti:  
Margrét Ólafsdóttir



Ástir karla oft ég finn, eins þótt gruni núna, að þeir bílinn elski sinn  
elsk — i sinn, elsk — i sinn öll- u ---- meira en frún -- a.

Einhvernveginn er það svo,  
aldrei bílnum gleyma.  
Bílnum aka, bílinn þvo  
og bílinn tala um heima.

Er mæðast tekur mótorinn  
mér það angri veldur.  
Bráðum verður bóndinn minn  
bílnum ofurseldur.

Bílinn hug hans allan á.  
Ætíð trúr og dyggur  
ef hann keyra ekki má,  
hann undir honum liggur.

Bílstjóranna eina ást  
er á fjórum hjólum.  
Á henni þeir oftast sjást  
en uppi í sínum bólum.